

4. Merkið A6 (biðskylda) verður sett upp á eftirtöldum stöðum og verður umferðarréttur í samræmi við það:
 - a) Allar botngötur í Norðurtúni.
 - b) Á Laugarveg við Hafnartún.
 - c) Á Norðurtún við Langeyjarveg.
 - d) Nyrst á Hverfisgötu syðri.
 - e) Beggja vegna á Hvanneyrarbraut inn á Þormóðsgötu.
 - f) Beggja vegna á Hlíðarveg inn á Þormóðsgötu.
 - g) Beggja vegna á Tjarnargötu inn á Aðalgötu.
 - h) Beggja vegna á Vetrarbraut inn á Gránugötu.
 - i) Beggja vegna á Grundargötu inn á Gránugötu.
5. Gránugata verði tvístefnuakstursgata og aðalbraut milli Suðurgötu og Tjarnargötu og verður bannað að leggja ökutækjum á henni.
6. Eyrargata verður aðalbraut á milli Túngötu og Vetrarbrautar.
7. Lækjargata verður einstefnuakstursgata frá Eyrargötu að Aðalgötu, þ.e.a.s. til suðurs.
8. Hámarkshraði innan bæjarmarkanna verður 35 km. á klst.
Auglýsing þessi öðlast gildi þann 1. júlí 1988.

Lögreglustjórinn á Siglufirði, 8. júní 1988.

Hjörtur O. Aðalsteinsson, settur.

SAMÞYKKT

**um breytingu á samþykkt um sýsluvegasjóð í Norður-Ísafjarðarsýslu
nr. 474 19. nóvember 1979.**

1. gr.

Á 2. gr. samþykktarinnar er gerð eftirfarandi breyting:

Nauteyrarhreppur:

10. Nauteyrarvegur II af Snæfjallastrandavegi að Nauteyri II.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 19. gr. vegalaga nr. 6/1977, sbr. lög nr. 30/1983, 38/1983 og 55/1988, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 14. júní 1988.

Matthías Á. Mathiesen.

Halldór S. Kristjánsson.